

Fundur stjórnar ÆSKP 25. nóvember 2014 í Grafarvogskirkju

Mættir: Elmar Freyr Árnason, Guðmundur Karl Einarsson, Guðrún Karls Helgudóttir, Katrín Helga Ágústsdóttir og Sigurvin Lárus Jónsson

Einnig sátu fundinn Eva Björk Valdimarsdóttir, framkvæmdastjóri ÆSKP, Magnús Magnússon, landsmótsstjóri 2014, og Raket Brynjólfsdóttir, landsmótsnefndarmeðlimur 2014.

Landsmót 2015

Sigurvin stingur uppá, þema fyrir næsta mót og fræðslu, geðveikt landsmót, geðheilbrigði

Landsmót 2014

Raket segir að það sem við lærum af þessu móti er að það þurfa að vera fleiri í nefndinni, hafa fleiri burðuga einstaklinga og taka fundarmenn undir það.

Stjórnin þarf að skoða það hvernig valið er inn í landsmótsnefnd. Aldurstakmörk, hún þarf að vera hópur sem getur sett sig yfir sjálfboðaliðanna.

Við þurfum líka að setja strangari kröfur um það hverjir komast inn í sjálfboðaliðahópinn, sjálfsagi, meðmæli,

Við ræðum hversu margir krakkar örmögnuðust á mótinu fjögu þannig tilfelli komu upp og var kallað til lækni og í sumum tilfellum kom sjúkrabíll. Oftast var þetta vegna þess að börnin voru ekki búin að sofa nóg eða borða nóg. Það er auðvitað eitthvað sem við ráðum ekki við en þurfum að tala um á leiðtogafundum og viðja leiðtoga að vera sérstaklega vakandi fyrir.

Dagskrá

Eva talar um að dagskráin sé ef til vill of stíf og það þurfi að rýmka dagskráanna, minnka hlaup, gera hana afslappaðri. Of margir stórir viðburðir á laugardeginum.

Fundurinn tekur undir þetta og er dagskráin rædd

- Kvöldvakan er til dæmis of löng, hægt er að stytta hæfileikakeppni.
- Líka er hægt stytta ball og kvöldvöku, allavega kvöldvökur.
- Það væri spennandi að hugsa dagskrá landsmóts uppá nýtt.
- Sleppa kvöldvöku og/eða búningaballi I etv,

Sigurvin þakkar Magnúsi. Fræðslan gekk vel, hún er alltaf þínu löng, sem við vitum alltaf.

Magnús. Í stórum dráttum gekk mótið vel. Gekk vel að afla styrkja. Kvenfélagskonurnar vildu koma á framfæri þakklæti og voru ánægðar með unglingana. Finnst að það megi rýmka hópastarfið. Sérstaklega þegar við erum að senda þau út fyrir bæjinn.

Könnun Landsmóts

Guðmundur segir að það sem fólk hafði helst að setja út á í könnuninni er skortur á upplýsingaflæði.

Líka talað um hópastarf, brjóstsykursgerð..fjölga í og fá fleiri til að sjá um Lottóið í hópastarfið, þarf að skoða það eða hópastarfsfyrirkomulagið

Siguvín stingur upp á að hafa upplýsingafulltrúi í næstu nefnd.

Eva talar um þær leiðir sem við höfum til að koma upplýsingum á framfæri. Leiðtogalistinn er orðin frekar úreltur og líklega engin sem heldur utanum hann.

Gummi segir að við þurfum ef til vill sjálf að vera með leiðtogalista,

Form könnunarinnar rætt, Eva segir það betra að hafa spurningarnar á kvarða og fá tölulegar niðurstöður, hve mörg prósent fannst þetta eða hitt ganga vel. Þannig er betra að bera saman niðurstöður og vonandi fleiri sem svara könnuninni. Ákveðið að Eva geri nýja könnun.

Elmar bendir á að það þurfi að vera einhver sem sér um sjúklinga.

Rakel segir að það séu frekar í hlutverki leiðtoga að sjá um sín æskulýðsbörn ef þeir veikjast, auðvitað fari einhver úr mótnefnd í þau mál líka en það sé of mikið að hafa einn aðila bara í því, sá aðili geti verið verkefnalaus meiri hluta mótsins.

Við gætum hinsvegar haft skyndihjálparnámskeið fyrir nefndina og leiðtoga ef það er hægt.

Aftur rætt um örmögnun. Þurfum að miðla fræðslu til leiðtoga, passa að það verði ekki panic.

Katrín talar um hvernig gekk með sjálfbóðaliðahópinn. Hefði mátt vera helmingi færri í hópnum með stönduga krakka og fengið sömu niðurstöðu. Upplýsingarboðið falið sem skýrir líka skort á upplýsingaflæði, fólk hefði þurft að vita betur af því og vera meira áberandi.

Katrín segir að skráing í hópastarfið sé á flottu fomatí, sjálfbóðaliðarnir hefðu þurft að fá að sitja og að það þurfi að girða skráningar svæðið af. Þeir hefðu líka þurft að fá betri kynning á hópastarfinu. Fyrir sjálfbóðaliða, leiðtoga þeirra, og leiðtoga.

Tekið er undir þetta og eru fundarmenn sammála um það að Katrín eigi mikið hrós skilið fyrir það hvernig henni tókst að vinna með sjálfbóðaliðahópnum.

Forma skráningar í hópastarfið er rætt. Fólk hefur talað um að það vilji hafa hana fyrirfram. Guðmundur segir að það sé alveg mögulegt, þurfum að skoða það. Líka hægt að draga Æskulýðsfélög úr hatti Bókstafir í nafni.

Upplýsingar um hópastarf á heimasíðu.

Þarf að vera eitthvað annað í gangi á meðan verið er að skrá.

Einhver smölun, að þau fari eitthvað annað að skrá sig í annan sal.

Guðrún vill ítreka hve ánægð hún er með það hversu vel var tekið á móti okkur á Hvammstanga, maturinn hjá kvenfélögunum og bærinn allur.

Þurfum líka að gera betur í að koma landsmóti í fjölmiðla og útávið. Þurfum tengsl við fjölmiðla.

Geðheilbrigðisdaginn.

Aðalfundur

Kirkjuþing ákvað að kirkjuráð myndi stofna nefnd um stöðu æskulýðsfulltrúa og fara yfir launamál og stöðu þeirra. Réttindamál, upplýsingamál og menntunarmál.

Menntun í háskólanum.

13. mars aðalfundur, kl 17:00, Eva bókar Neskirkju.